

Stofnfundur Félags doktorsnema á Félagsvísindasviði

Miðvikudaginn 12. feb. kl. 12:00 í Gimli 102.

Dagskrá stofnfundar:

1. Kosning fundarstjóra og ritara fundar.
2. Stofnun Félags doktorsnema á Félagsvísindasviði. Lög félags lögð fram til samþykktar.
3. Tilnefning og kosning í stjórn félagsins.
4. Tilnefning og kosning í Vísindanefnd Félagsvísindasviðs og Félag doktorsnema og ný-doktora við Háskóla Íslands (FeDoN).
5. Nafnasamkeppni.
6. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og ritara stofnfundar:

Sjöfn Vilhelmsdóttir stjórn málafræðideild, fundarstjóri.

María Dóra Björnsdóttir félags- og mannvísindadeild, ritari.

2. Stofnun Félags doktorsnema á Félagsvísindasviði:

Voru drög að lögum send í viðhengi með fundarboði sem undirbúningsnefnd hafði sett saman með hliðsjón af lögum félags doktorsnema á Hugvísindasviði og VoN. Drög að lögum fyrir félagið voru lögð fram til samþykktar. Umræður: Samþykkt að hafa kosna meðstjórnendur í stjórn einnig sem varamenn. Hugsanleg stofnun heimasíðu fyrir félagið fyrir upplýsingamiðlun milli doktorsnema og stjórnarsýslu. Facebook síða gæti gegnt svipuðu hlutverki. Lagt var til að stjórnin vinni með Kolbrúnu Eggerts um upplýsingamiðlun. Sammælt var um að það yrði eitt af verkefnum stjórnar að ákveða hvernig upplýsingum verður miðlað. Formaður verður kosinn á aðalfundi sem og aðrir stjórnarmenn sem skipta með sér verkum. Allir doktorsnemar verða skráðir sjálfkrafa í félagið, kostir aðallega öflugra félag og hærri styrkir frá Stúdentaráði. Nauðsynlegt að allir sem innritast í doktorsnám viti strax að þeir skrást sjálfkrafa í félagið. Lög samþykkt samhljóða.

3. Tilnefning og kosning í stjórn félagsins.

Sunna Símonardóttir félagsfræði (FoM) gaf kost á sér sem formaður og var samþykkt einróma með lófaklappi.

Regína Ásdísardóttir viðskiptafræðideild

Eyrún Eypórsdóttir mannfræði (FoM)

Sjöfn Vilhelmsdóttir stjórn málafræðideild

Sveinn Guðmundsson mannfræði (FoM)

Voru öll kosin einróma með lófataki og munu skipta með sér verkum í framhaldinu.

4. Tilnefning og kosning í Vísindanefnd Félagsvísindasviðs og

Félag doktorsnema og ný-doktora við Háskóla Íslands (FeDoN).

Sara Sigurbjörns- og Öldudóttir hefur mætt á fundi hjá FeDoN og sagði örstutt frá því.

Sara var samþykkt einróma með lófataki sem fulltrúi félagsins í FeDoN.

Rætt var um hvert væri hlutverk vísindanefndar sviðs vs vísindanefndir deilda. Einnig

að óljóst væri hvort í vísindanefndum deilda sætu fulltrúar doktorsnema. Kolbrún

Eggerts kom inn á fund til að útskýra hlutverk vísindanefndar sviðsins: Í nefndinni

situr einn fulltrúi frá hverri deild og er nefndin ráðgefandi fyrir forseta sviðsins.

Formaður vísindanefndar er fulltrúi í vísindanefnd HÍ. Verið er að endurskoða reglur

um doktorsnám og marka stefnu nefndar. Í vísindanefndum deilda er fulltrúi nemenda

yfirleitt meistaranemi. Til skamms tíma hafa ekki verið nægir doktorsnemar til að taka

að sér setu í þessum nefndum. Spurning hvort að það þurfi ekki að bæta úr því.

Regína Ásdísardóttir var samþykkt einróma sem fulltrúi í Vísindanefnd

Félagsvísindasviðs með lófataki.

5. Nafnasamkeppni

Safnað var saman tillögum frá fundargestum og ákveðið að allir doktorsnemar

sviðsins geti skilað inn tillögum í nafnasamskeppnina fram að kosningu.

6. Önnur mál

- Höfðatölustyrkir Stúdentaráðs voru ræddir, hvort búið væri að úthluta þeim til félaga grunn- og meistaranámsnema og hvort hið nýstofnað félag fái úthlutun.
- Að haldin verði árshátíð eða einhver fagnaður í tilefni nýstofnaðs félags.
- Að komið yrði á fót samskiptaneti doktorsnema á sviðinu, sér í lagi með tilliti til landsbyggðar.
- Ýmsir styrkir í boði en minna af upplýsingum um þá. Kallað var eftir að Skrifstofa alþjóðasamskipti þjónusti doktorsnema meira en nú er gert (verði proactive) og greiði götu þeirra til að sækja sumarskóla, ráðstefnu og styrki. Almenn talið mikið hagsmunamál fyrir doktorsnema. Samþykkt að það verði verkefni stjórnar að vinna að þessu máli.

Fundi var slitið kl. 13.00.